

Siðanefnd Læknafélags Íslands  
Hlíðarsmára 8  
200 Kópavogi

Reykjavík 13. nóvember 2017.

Efni: Svör við athugasemdum Roberts Spencers dags.12. september við greinargerð undirritaðs.

Í athugasemdum Hr. Spencers við greinargerð mína er að finna hans frásögn af upplifun hans á samskiptum okkar og þjónustu sem honum var veitt á bráðadeild. Óumdeilt er að við erum ekki sammála um það sem fram fór á bráðadeild þessa nótt. Rétt er hvað það varðar að hafa í huga að sá sem heldur fram staðreynd ber sönnunarbyrði fyrir henni. Staðhæfingar Hr. Spencers eru ósannaðar. Þá tiltekur hann einnig ýmsar staðreyndir sem mér og að ég held öllum læknum eru ljósar um MDMA og skyld efni.

Hr. Spencer bað um álit mitt á því hvort hann hefði orðið fyrir hættulegri eitrun. Undirritaður er ekki lögreglumaður heldur læknir. Ég myndaði mér þá skoðun um nóttina þegar ég sinnti Hr. Spencer að ekki væri um hættuleg einkenni að ræða. Virðist það hafa verið rétt mat því Hr. Spencer hefur hvergi getið um skaðleg eftirköst þessa atburðar.

Hvort MDMA og amfetamín hafi mælist í þvagi Hr Spencers vegna byrlunar, inntöku Hr. Spencers sjálfs eða að þvagpróf hafi verið falskt jákvæð skiptir ekki máli í læknisfræðilegu tilliti. Það sem skipti máli var að hann var með stöðug lífsmörk og án hættulegra einkenna þegar hann útskrifaðist frá Landspítala. Í sínum kvörtunum og greinargerðum til Siðanefndar hefur hann heldur hvergi minnst á að hann hafi hlotið skaða af því að ég hafi meðhöndlað hann á einhvern þann hátt sem hann telur hafa verið óeðlilegan.

Það er hlutverk lögreglu að skera úr um hvort Hr. Spencer hafi sjálfur innbyrt efnin eða verið byrlluð þau og leitaði Hr. Spencer sannarlega til lögreglunnar til að fá nánara mat á því. Það breytir í engu tilliti læknisfræðilegu álitinu mínu, byggt á tæplega tveggja áratuga reynslu af störfum við lækningar, að einkenni Hr. Spencers hafi stafað af kvíðakasti. Hr. Spencer hefur fullan rétt til að vera ósammála því álitinu, en það breytir engu um mitt álit og það blasir við hversu fullkomlega órókrétt það er að krefjast nú refsingar undirritaðs fyrir að veita sitt álit.

Þá standa einnig orð gegn orði um hvað fram fór í samtali okkar tveggja. Ég ítreka það sem ég sagði í fyrri greinargerð minni að það hefði verið fráleitt af minni hálfu að leynd Hr. Spencer upplýsingum um að MDMA hefði fundist í

Þvagsýni hans en síðan tiltaka það í skriflegu læknabréfi sem ég lét afhenda honum. Læknabréfið einfaldlega sýnir fram á rangindi fullyrðinga Hr. Spencers. Enn þyngist þar með sönnunarbyrði Hr. Spencers. Hvað önnur atriði sem okkur ber ekki saman um hvað samtal okkar varðar, hef ég engu að bæta við mína fyrri greinargerð.

Hr. Spencer hefur augljóslega fengið afrit af öllum gögnum Landspítala um málið eins og hann sannarlega hefur rétt á. Hefur ég engu við það að bæta.

Hr. Spencer vitnar í að Valdimar Jóhannesson hafi farið til mín til að afla álit míns á ástandi Roberts. Það er rétt sem hann lýsir að ég hafi neitað að ræða ástand Hr. Spencers við Valdimar, enda eru heilsufarsupplýsingar einstaklinga aldrei nokkurn tíma ræddar við aðstandendur nema ljóst sé að það sé gert með vitund og samþykki sjúklings. Það lá ekki fyrir að téður Valdimar hefði slíkt samþykki sjúklingsins. Samkvæmt því sem Valdimar sagði sjálfur hafði hann aðstoðað Hr. Spencer í Íslandsdvölinni en hefði ekki nánari tengsl við hann. Því hefði verið fráleitt fyrir mig að upplýsa hann um heilsufarsupplýsingar sjúklings frammi á gangi bráðadeildar líkt og hann bað mig um að gera.

Rétt er að vekja athygli á því að Hr. Spencer leggur í einhverjum óljósum tilgangi fram persónulega facebookfærslu undirritaðs sem fjallar um rasista og pólitíska hægri öfgahópa eða fasista. Undirrituðum er ekki ljóst hvort Hr. Spencer tilheyrir slíkum öfgahópi og það sé þá tilgangur framlagningarinnar að sýna fram á að undirrituðum sé í nöp við sig af þeirri ástæðu. Allt að einu þá koma stjórnámálaskoðanir Hr. Spencers undirrituðum nákvæmlega ekkert við. Undirrituðum er að auki óheimilt að lögum að láta slíka vitneskju hafa áhrif á gæði þeirrar læknismeðferðar sem hann veitir sjúklingum sínum. Undirritaður hafði enga vitneskju um stjórnámálaskoðanir Hr. Spencers þegar honum var veitt læknisþjónusta né hef látið slíkt hafa áhrif á störf mín

Hitt er þó ljóst að framlagningin á facebookfærslunni ber það með sér að ólíkt undirrituðum virðist Hr. Spencer ætla sér að stjórnámálaskoðanir undirritaðs verði notaðar gegn honum. Enga slíka framkomu eða meðferð hlaut Hr. Spencer hjá undirrituðum, hverjar sem stjórnámálaskoðanir hans kunna að vera.

Virðingarfyllst,

Hjalti Már Björnsson